

15. maí 2020

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um fjarskipti, 775. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 5. júní nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/150/s/1354.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Vinsamlegast athugið að umsagnir sem sendar hafa verið á vinnslustigi máls í samráðsgátt

stjórnvalda berast ekki til Alþingis. Mál kann að taka breytingum frá vinnslustigi þess í

samráðsgátt þar til það er lagt fram á Alþingi. Í greinargerð með fyrirleggjandi frumvarpi eða þingsályktunartillögu er eftir atvikum rakið m.a. hvernig samráði var háttað, hvaða sjónarmið komu fram og hvort brugðist hafi verið við þeim.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kormákur Axelsson

skjalaritari

skrifstofa Alþingis, nefndasvið